



Hreppsnefnd 12.05.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 12. maí 2005 kl. 16.00
í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannson, Steindór Sveinsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Steindór Sveinsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, og Ólafur B. Valgeirsson.

Jafnframt mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. mál: Fundargerð hreppsnefndar frá 28. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 28. apríl sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 8. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir fundi forsvarsmanna sveitarfélagsins með fulltrúum ríkisstjórnarinnar um framlög til vegamála í samgönguáætlun 2005-2008.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál: Fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 4. maí sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála, framkvæmdakostnaði, samningsgerð við nýjan rekstraraðila, er tekur við þann 01. júní n. k., og Edduhótelakeðjuna o.fl. Fram kom fyrirspurn um nánustu framtíð Kaupvangs í tengslum við Hótel Tanga og var gerð grein fyrir málinu.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál: Fundargerð fundar með Teikn á lofti frá 04. maí sl., um aðal- og miðbæjarskipulag, íbúáþing o.fl.

Lögð fram til kynningar fundargerð fundar með Teikn á lofti frá 04. maí sl., þar sem fjallað er um aðal- og miðbæjarskipulag ásamt fleiri þáttum.

Í þessu sambandi var farið yfir nauðsyn þess að kynna aðalskipulagið, sem gilda á til ársins 2024. Koma því í heild sinni þannig kynntu í umsagnir hjá hlutaðeigandi aðilum, að umsögn þeirra fenginni þarf síðan að leita heimildar hjá Skipulagsstofnun til að auglýsa skipulagið opinberlega í 6 vikur. Að þeim tíma liðnum er tekið á athugasemdum sem borist hafa og í framhaldi er hægt að senda skipulagið til endanlegrar samþykktar.

Lífleg umræða fór fram um aðalskipulagið og þá einkum um skipulag miðbæjarins, var lagður fram uppdráttur með tillögu Teikn á lofti hér að lútandi.

4. mál: Íbúáþing – tekið undir lið 3.

Lögð fram drög að aðferðafræði og markmiðum vegna íbúáþings sem hugmyndin er að haldið verði á Vopnafirði. Áætlað hefur verið að slíkt þing yrði haldið nú á vormánuðum og var komin fram hugmynd um 28. maí n. k.

Almennt lýstu fundarmenn ánægju með fram komnar hugmyndir um íbúáþing af þessum toga, þar sem almenningur fær tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í sérstökum vinnuhópum sem stofnaðir yrðu á þinginu.

Efasemdir voru uppi um það að heppilegt væri að halda þingið 28. maí nk.

Fram kom svofelld tillaga: "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að íbúáþing sem halda átti 28. maí nk. verði fært til í tíma. Í stað þess að koma því á nú í maí verði íbúáþingið haldið þann 24.

sept. n. k.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að fyrir lok maímánaðar verði boðað til almenns kynningarfundar á nýju aðalskipulagi sem unnið er að og gilda á til ársins 2024.”

Samþykkt samhljóða.

5. mál: Húsfriðunarnefnd ríkisins bréf dags. 13. apríl 2005

Bréf Húsfriðunarnefndar ríkisins frá 13. apríl sl., varðandi styrk.

Lagt fram til kynningar.

6. mál: Bréf frá umhverfisfulltrúa Fljótshéraðs, varðandi meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram bréf Fljótshéraðs, varðandi svæðisáætlun um meðhöndlun á úrgangi og þá hugmynd að hún verði unnin í samráði sveitarfélaga á Austurlandi. All mikil umræða fór fram um þetta tiltekna mál.

Hreppsnefnd samþykkir með 6 atkvæðum að taka þátt í þessari vinnu og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi þess.

Einn sat hjá.

7. mál: Ýmis mál og fundagerðir

a) Fundagerð heilbrigðiseftirlits frá 27. apríl sl.

b) Úthlutun úr Yrkju, sjóði æskunnar til ræktunar landsins árið 2005.

Hreppsnefnd fagnar framtaki þessu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.30